

<b>Dags eftirlits</b>	18.11.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Hólmahlóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Helgi Árnason	<b>Staðsetning</b>	356850,845 409700,409

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið en ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar orðalag tryggingaskírteinis vegna bráðamengunar hafs og stranda.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila í Örfirisey, Reykjavík. Starfsleyfið tekur til geymslu á allt að 8.200 m<sup>3</sup> af olíu og allt að 9.100 m<sup>3</sup> af bensíni í geymum félagsins. Einnig er heimil móttaka, hreinsun og endursala á olíu sem unnin er úr úrgangsolíu.

#### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin ný frávik komu fram við síðasta eftirlit en frávik frá árinu 2018 varðandi að heimild til vinnslu úrgangsolíu vanti og meðhöndlun hennar því ekki heimil, stóð opið. Endurskoðun starfsleyfisins fór fram nú í ár og var nýtt leyfi gefið út þann 8. júlí sl. þar sem fram kemur heimild til hreinsunar og endurnýtingar úrgangsolíu ásamt heimild til dreifingar á markaði innanlands. Frávikinu er því lokað. Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits 2020 og það uppfært miðað við núverandi stöðu.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum né umfangi stöðvarinnar frá síðasta eftirliti en áætlað er að skipta út gömlum neðanjarðarlögnum við afgreiðsluplan og verða nýju lagnirnar settar ofanjarðar. Ekki er gert ráð fyrir röskun á starfsemi stöðvarinnar á meðan á þeim aðgerðum stendur. Starfsleyfi, áhættumat vegna starfseminnar, viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, verklagsreglur um löndun, aðgerðaáætlun, öryggisblöð skv. REACH og skráningar eru vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók sem og útprentað í rekstrarhandbók sem aðgengleg er í stöðinni. Litið var yfir skráningar á mánaðarblöð í rekstrarhandbók sem og önnur skjöl og ekki gerðar athugasemdir þar um. Áætlanir eru rýndar miðlægt með reglulegum hætti og nýjar uppfærslur vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók þar sem þær eru aðgengilegar starfsmönnum. Teikning af stöðinni, flæðirit og viðbragðsáætlun var sýnilegt upp á vegg í starfsstöð. Vottun umhverfisstjórnunarkerfis ISO 14001:2015 gildir til ársins 2023.

Skv. gr. 3.2 í starfsleyfi skal þykktarmæla alla geyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa lagnir á 5 ára fresti. Allir olíugeymar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu 10 árum, alls 19 geymar. Geymir merktur T0113 (101.07.00) var þykktarmældur nú í ár og áframhaldandi notkun hans samþykkt. Næst skal mæla geyma merkta T0110 (101.02.00), T0108 (101.13.00) árið 2022 og geymi merktan T0025 (101.21.00) nú í ár, en þeir tveir síðarnefndu standa tómir og hreinsaðir og verða þeir ekki teknir í notkun fyrr en að mælingum loknum. Tólf löndunar og afgreiðslulagnir eru í stöðinni og voru þær allar prófaðar árið 2018. Þær skulu því þrýstiprófaðar aftur á næsta ári.

Undantöppun geyma fer nú öll í efnabamba og þaðan aftur yfir í olúgeymi eftir fellingu, engin undantöppun fer í olúskilju eins og áður var.

Olúskiljur stöðvarinnar eru sameiginlegar með Skeljungi og sjá þeir um þjónustu þeirra og hreinsun. Fimm olúskiljur eru í frárennsli stöðvanna ásamt tveimur milliskiljum, allar endaskiljurnar eru með sjálfvirkum skynjurum í frárennsli tengdum öryggiskerfum stöðvanna. Skynjarar eru prófaðir að meðaltali á 3ja mánaða fresti. Þjónusta við olúskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi og eru þær skoðaðar, yfirfarnar og þrífarnar eftir þörfum. Allar skiljur voru hreinsaðar þann 2. september sl. og sá Hreinsitækni ehf. um þá hreinsun. Kvittanir voru til staðar um þá framkvæmd. Mælingu á olíu í fráveitu skiljanna skal gera árlega skv. gr. 3.2 í starfsleyfi og var hún framkvæmd samhliða hreinsuninni. Myndir af mælingunni voru sendar til eftirlitsaðila með tölvupósti þann 6. desember sl. og skv. þeim myndum stóðust allar skiljurnar olúpróf með Macherey-Nagel prófunarstrimlum.

Bensín er geymt í stöðinni og samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, skal minnka árlegt heildartap á bensíni við áfyllingu og geymslu þess í geymum á birgðastöðvum. Rekstraraðili notar til þess gufueðurnýtingabúnað og skal skv. gr. 2.1 í starfsleyfi, meðalstyrkur bensíngufu í útblæstri hans ekki fara yfir 35 g/Nm<sup>3</sup> á klst. Búnaðurinn var þjónustaður og mæling gerð daganna 9.-10. september sl. Skv. skýrslu úttektaraðila þá voru mistök gerð í mælingunni og því eru niðurstöður hennar ekki marktækar. Rekstraraðili sendi inn ný gögn úr gufueðurnýtingabúnaðinum þann 10. desember sl. sem sýna línurit yfir daggildi þann 16.11 og 19.11 2021. Þar kemur fram að meðaltalsgildi bensíngufu í útblæstri var innan marka heimildar starfsleyfis.

Settur hefur verið upp verkferill sem á að tryggja að ekki myndist ólykt megna meðhöndlunar úrgangsolíu eins og krafa er um í gr 2.11 í starfsleyfi og vistaður í rafrænni gæðahandbók rekstraraðila. Kvittanir vegna skila spilliefna til Sorpu, þ.m.t. ösku vegna úrgangsolíumeðhöndlunar eru til staðar. Olíublautur úrgangur er sóttur af Íslenska gámafélaginu en annar úrgangur er flokkaður og sóttur af sorphirðu sveitarfélagsins.

Gengið var um stöðina og meðhöndlunarsvæði úrgangsolíu. Lekavarnir, olúskiljur og girðingar voru skoðaðar og ekki gerðar athugasemdir þar um. Hlið stóðu læst við komu. Stöðin er snyrtileg á að líta og vel við haldið. Engar ábendingar voru settar fram við skoðunina.

#### **ÁBENDINGAR**

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir en ábending er sett fram um að skýra þurfi orðalag tryggingarskírteinisins þannig að ljóst sé að hámarks upphæð tryggingarinnar, 1 milljón SDR, eigi við um tjón í starfsstöðinni í Örfirisey en deilist ekki niður á allar stöðvar rekstraraðila innan hvers vátryggingatímabils.

#### **ANNAÐ**

Ein kvörtun barst eftirlitsaðila varðandi olíulykt á svæðinu en ekki fylgdi nánari skýring með kvörtuninni svo ekki er hægt að greina hvort um starfsemi rekstraraðila eða annarra aðila í nágrenninu er að ræða. Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni frá síðasta eftirliti.

Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur var viðstaddur eftirlitið.

Reykjavík, 16.12.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Arnadóttir